

“Arion banki” í Garðabæ í 40 ár

Búnaðarbanki Íslands, nú Arion banki, opnaði útibú í Garðabæ 1976

Það er ekki eingöngu Garðabær sem fagnar 40 ára afmæli á þessu ári því Arionbanki hefur einnig starfað í bænum undanfarin 40 ár en undir mismunandi nöfnum þó.

Búnaðarbanki Íslands opnaði útibú í Garðabæ 1. september árið 1976, en Garðabæ hafði þá nýlega hlotið kaupstaðaréttindi. Útibúið var staðsett við Sveinatungu við Vífilsstaðaveg þar sem núna er Litlatún. Fyrstu stafsmenn útibúsins voru þau Svavar Jóhannesson útibússtjóri, Gísli Helgason, féhírðir og Erla Hjaltadóttir bankaritari. Útibúið var staðsett í Sveinatungu til ársins 1985 en flutti þá starfsemi á Garðatorg 5 þar sem bankinn er staðsettur í dag.

Búnaðarbankinn, Brunabótafélag Íslands og Póstur og Sími byggði í sameiningu Garðatorg 5 og fluttu þessi fyrirtæki starfsemi sína í húsið í október 1985.

Í maí 2003 varð sameining Búnaðarbankans og Kaupþings og var útibúið rekið undir merkjum KB banka og síðan Kaupþings til ársins 2008 er nafn bankans varð Arion banki.

Sjú útibússtjórar hafa starfað hjá bankanum í Garðabæ. Á eftir Svavari tók Halldór Ólafsson við starfi útibússtjóra. Árni Emilsson tók síðan við starfinu árið 1987 og stýrði útibúinu til ársins 2001. Á eftir honum komu síðan Jón Emil Magnússon og Jóhann Steinar Ingimundarson og gengdu þeir starfinu í sittthvo tvö árin. Þá



Starfsfólk Arion banka í dag! F.v. Hekla Hannesdóttir, Jóhann Ólafur Kristinsson, Linda Björg Halldórsdóttir, Heiðrún Harpa Gestsdóttir, Elin Þórðardóttir, Kristbjörg Héðinsdóttir, Edda Erlendsdóttir, Oddný Þóra Helgadóttir, Sigríður Gíslína Pálsdóttir. Á myndina vantaði 4 starfsmenn; Valgerði Jónsdóttur, Hrafnhildur Sigurólafsdóttir, Heiði Björk Ólafsdóttir og Hansínu Þorkelsdóttur

tók Árni Gunnarsson við starfinu árinu 2005 og Kristbjörg Héðinsdóttir tók við af honum í apríl árið 2013.

Það má segja að það verði nokkuð merk tímamót fyrir bankann á 40 ára afmælisárinu því í nóvember verður Arionbanki eini starfandi bankinn í Garðabæ en þegar mest var þá voru þeir þrír talsins, en Íslandsbanki er að flytja útibúið sitt í Smáralind í nóvember og Sparisjóður Hafnarfjarðar sameinaðist Íslandsbanka eftir bankahrún.

Fjármálaþjónusta í heimabyggð

Hvernig list Kristbjörgu á að Arionbanki verði eini starfandi bankinn



Þessi mynd er frá fyrsta starfsdegi útibúsins í Sveinatungu á henni eru talið frá vinstri Svavar Jóhannesson, fyrsti útibússtjórinn, Gísli Helgason, féhírðir og Erla Hjartadóttir, bankaritari

í Garðabæ og breytast þá áherslur bankans eitthvað? „Við hlökkum til að halda áfram að bjóða Garðabæingum og öllum okkar viðskiptavinum upp á alhliða fjármálaþjónustu og ráðgjöf eins og við höfum gert í 40 ár hér í Garðabæ. Það er von okkar að fjármálaþjónusta í heimabyggð sé eitthvað sem skipti Garðabæinga máli nú þegar Arion banki verður eini starfandi bankinn í Garðabæ,” segir hún.

Nýir viðskiptavinir boðnir velkomnir á einfaldari hátt

„Arion banki vinnur stöðugt að því að bæta þjónustu við sína viðskiptavini og byður nýja viðskiptavinum velkomna á einfaldari hátt en áður hefur verið, enda

getur þú verið heima hjá þér og stofnað til viðskipta við bankann á netinu. Bankinn ætlar að halda áfram á þessari braut og bjóða viðskiptavinum upp á stafræna bankaþjónustu í enn ríkari mæli og með þeim hætti auðvelda viðskiptavinum bankans að sinna sínum fjármálum. Við hér í útibúinu í Garðabæ leggjum okkur fram um að bjóða upp á faglega fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög,” segir hún.

Þjónustan eflid

„Við munum leggja sérstaka áherslu á að efla þjónustu er lýtur að ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja enn frekar í framtíðinni og mun eftirspurnin hjálpa okkur í þeirri vegferð.”



E.f.v. Halldór Ólafsson, útibússtjóri og Gísli Helgason féhírðir sitjandi frá vinstri Þuríður Ingólfsdóttir, Svala Veturliðadóttir, Ásta Sveinsdóttir, Erla Hjartadóttir og Hafrún Júlíusdóttir